



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 11/2007

Kvörtun Kaffi Latino ehf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum Kerfis ehf.

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi, dags. 28. nóvember 2006, frá Daða Ólafssyni lögfr. f.h. Kaffi Latino ehf., þar sem kvartað er yfir sölu Kerfis ehf. á Apakaffi í Kolaportinu undir eðlilegu markaðsverði og villandi upplýsingum um að kaffið sé flutt inn frá Bandaríkjunum af seljanda. Kvartandi telur að Kerfi hafi með háttseminni brotið gegn 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins og gerir þær kröfur að Neytendastofa banni Kerfi sölu Apakaffis í Kolaportinu og sölu Apakaffis á verði sem skaði hagsmuni kvartanda.

Í erindinu segir að kvartandi starfi sem umsýslumaður System for Imports and Exports (SIE) frá Panama hér á landi og hafi haft milligöngu um að koma á viðskiptasambandi milli SIE og Kerfis. Kerfi hafi keypt kaffi SIE, m.a. svokallað Apakaffi, sem ætlað hafi verið til sölu til viðskiptamanna Kerfis. Apakaffi sé gæða kaffi sem fengið hafi viðurkenningu sem besta náttúruræktaða kaffið í heiminum. Viðskiptasambandið milli Kerfis og SIE hafi svo slitnað, m.a. vegna vanskila Kerfis en Kerfi hafi þá átt þó nokkrar birgðir eftir af hinu svokallaða Apakaffi.

Fram kemur að kvartandi hafi orðið þess var að undanfarnar helgar hafi Apakaffi verið til sölu í Kolaportinu á lágu verði. Viðskiptavinum sé einungis heimilt að kaupa tvo pakka í senn en hægt sé að kaupa mun meira magn í verslun Kerfis og þá á mun hærra verði. Sá aðili sem selji kaffið í Kolaportinu kveðst flytja það inn sjálfur frá Bandaríkjunum en það fáist ekki staðist þar sem umbúðir Apakaffis sem ætlað er fyrir Bandaríkjamarkað séu ekki þær sömu.

Kvartandi telur að tilgangur sölu Apakaffis í Kolaportinu sé eingöngu sá að eyðileggja fyrir kvartanda þar sem verið sé að selja kaffið langt undir eðlilegu verði og slíkt skaði ímynd vörunnar. Þá séu gefnar villandi upplýsingar um það hver flytji inn vöruna. Slíkir viðskiptahættir séu brot á 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti.



II. Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. nóvember 2006, var erindi Kaffi Latino sent Kerfi til umsagnar. Svar barst frá Oddgeiri Einarssyni hdl. f.h. Kerfis með bréfi dags. 18. desember 2006. Í svarinu segir að slitnað hafi upp úr viðskiptasambandi Kerfis og SIE þar sem samkomulag um einkasölu Kerfis á Apakaffi hafi verið brotið, ekki hafi verið um nein vanskil að ræða.

Kerfi hafi ekki séð sinn hag í því að halda áfram kynningu og sölu á Apakaffi til viðskiptavina sinna eftir að viðskiptasambandinu við SIE lauk heldur hafi fyrirtækið snúið sér að því að kynna og selja annað kaffi. Einhverjar birgðir hafi þá verið eftir af Apakaffinu og hafi Kerfi selt það sem fyrirtækið átti eftir af kaffinu til eins aðila. Engin skilyrði voru sett um það hvar og á hvaða verði mætti selja kaffið. Sá sem keypti kaffið af Kerfi hafi svo selt það í Kolaportinu og sé sú sala Kerfi óviðkomandi.

Því sé hafnað að Kerfi hafi selt Apakaffi á undirverði til að skaða rekstur kvartanda og gerst brotlegt við 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Kerfi hafi aldrei selt Apakaffi í Kolaportinu, kaffið hafi verið selt í miklu magni til eins aðila og þar af leiðandi selt á lægra verði. Þá séu 1.000 kr. ekki langt undir markaðsverði eins og kvartandi haldi fram þar sem hægt sé að kaupa kaffið á 1.289 kr. í Nóatúni sem ekki geti talist ódýr verslun. Þá telji Kerfi 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti ekki eiga við í málinu.

2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 27. desember, var svar Kerfis sent Kaffi Latino til umsagnar. Bréf Kaffi Latino er dags. 12. febrúar 2007. Í bréfinu segir að ekki hafi verið um svik á einkasölusamningi að ræða eins og Kerfi haldi fram. Munnlegt samkomulag aðila um að bjóða kaffið ekki öðrum til sölu hafi ekki verið loforð um að veita Kerfi einkasölu á kaffinu um ókomna tíð. Þar sem lítil sala hafi verið hjá Kerfi hafi forsendur fyrir einkasölu brostið. Því sé mótmælt að sala Apakaffis í Kolaportinu sé ekki á vegum gagnaðila þar sem það sé móðir fyrirsvarsmanns Kerfis sem sé skráð fyrir básnum. Að lokum séu fyrri rök ítrekuð.

3.

Bréf Kaffi Latino var sent Kerfi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. febrúar 2007. Svar Kerfis er dagsett 26. febrúar 2007. Í svarinu segir að samningur um einkasölu á kaffinu hafi verið brotinn og ekki sé hægt að sakast við Kerfi í þeim efnum. Því sé mótmælt að Kerfi geti verið gert ábyrgt fyrir háttsemi skyldmenna forsvarsmanna fyrirtækisins. Sala á Apakaffi í Kolaportinu komi Kerfi ekki við.



Eðlilegra væri að beina kvörtunum sínum að þeim aðilum sem háttsemi hverra kvartandi telji brjóta á lögvörðum rétti sínum. Að öðru leyti séu fyrri rök ítrekuð.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 13. mars 2007, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að þeim yrði tilkynnt ákvörðun stofnunarinnar um leið og hún liggi fyrir. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

Í erindinu kvartar Kaffi Latino ehf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum og ósanngjörnum viðskiptaaðferðum Kerfis ehf. Fram kemur að Kaffi Latino hafi verið umsýslumaður System for Imports and Exports (SIE) frá Panama hér á landi og hafi haft milligöngu um að koma á viðskiptasambandi milli SIE og Kerfis. Því viðskiptasambandi hafi síðar lokið og Kaffi Latino farið að selja Apakaffi sem Kerfi hafði áður verslað með. Kaffi Latino varð þess síðar var að Kerfi væri að selja Apakaffi í Kolaportinu undir markaðsverði.

Í erindinu er vísað til 5. og 6. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti. Í 5. gr. laganna kemur fram að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Í 6. gr. laganna er með almennum hætti fjallað um að í auglýsingum eða með öðrum hætti megi ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vörunnar. Þá skulu upplýsingarnar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum. Þannig er í 6. gr. tekið fram að greinin taki til upplýsinga í hvaða formi sem er enda séu þær fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn vara.

Kaffi Latino byggir á því að sala Kerfis á Apakaffi í Kolaportinu á lægra verði en þegar það er selt frá starfstöð félagsins sé andstætt góðu viðskiptasiðferði og því brot á 5. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti þar sem tilgangurinn sé fyrst og fremst sá að skaða rekstur kvartanda. Þá er einnig byggt á að upplýsingar sem gefnar eru af söluaðila í Kolaportinu um að hann flytji Apakaffi sjálfur inn og hvaðan það sé flutt inn sé brot á 6. gr. þar sem þær fullyrðingar séu rangar. Þess er krafist að



Neytendastofa banni Kerfi sölu á Apakaffi í Kolaportinu og sölu á Apakaffi á verði sem skaði hagsmuni Kaffi Latino.

Ákvarðanir Neytendastofu eru stjórnsýsluákvarðanir og eru bindandi gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að. Þegar borin er upp kvörtun við Neytendastofu og þess krafist að stofnunin banni einhverja háttsemi verður kvartandi að gæta þess að sá er hann beinir kvörtuninni gegn sé sá aðili sem háttsemi hvers er verið að kvarta yfir. Kerfi neita aðild sinni að sölu á Apakaffi í Kolaportinu og í gögnum málsins kemur fram að sá aðili sem skráður er fyrir básnum í Kolaportinu er skyldmenni eins af forsvarsmönnum Kerfis. Slík tengsl verða ekki til þess að Kerfi verði talið ábyrgt í stjórnsýslumáli gagnvart þeirri sölu sem þar fer fram. Af því leiðir að kvörtun Kaffi Latino og kröfur í máli þessu beinast ekki gegn réttum aðila.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða í máli þessu.“

Neytendastofa, 12. júní 2007